



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Ana Mendieta

*Áhrif menningar og fornmenningar Mexíkó
á listsköpun Ana Mendieta*

Ritgerð til B.A.-prófs

Gerður Guðrún Árnadóttir

September 2011

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Listfræði

Ana Mendieta

*Áhrif menningar og fornmenningar Mexíkó
á listsköpun Ana Mendieta*

Ritgerð til B.A.-prófs

Gerður Guðrún Árnadóttir

Kt.: 200986-2459

Leiðbeinandi: Margrét Elísabet Ólafsdóttir

September 2011

Ágrip

Ana Mendieta fæddist á Kúbu árið 1948 en flúði þaðan aðeins barn að aldri vegna byltingar Castro. Þar með missti hún heimaland sitt og sem innflytjandi í Bandaríkjunum upplifði hún sig frábrugðna öðrum í samfélaginu. Þegar hún var rúmlega tvítug ferðast hún í fyrsta skipti til Mexíkó. Þetta var námsferð þar sem hún tók þátt í fornleifauppgreftri. Ekki er nóg með að hún finni sitt annað heimaland í Mexíkó og heillist af sögu og menningu landsins, heldur lærir hún líka aðferðir við fornleifauppgröft sem lögðu grunn að allri listsköpun hennar uppfrá því.

Fjallað er um menningu og fornmenningu Mexíkó og hún skoðuð út frá trúarhugmyndum sem mótuðu samfélag fyrri tíma og samfélag dagsins í dag. Áhrif trúar á líf indjána í Mexíkó til forna voru geysilega mikil en hún var einkar blóðug og ofbeldisfull. Viðhorf Mexíkana í dag mótast enn af trúarhugmyndum fyrri tíma sérstaklega þegar horft er til dauðans.

Verk Mendieta sem tekin eru til skoðunnar í þessari ritgerð tengjast öll á einn eða annan hátt trú hins forna menningarheims. Það sést á notkun hennar á blóði ásamt myndbirtingu hennar á hringrás lífsins. Lífið er heilagt og því á ekki að fórn í tilgangsleysi. Prestar í forn Mexíkó fórnðu mannlífi til að viðhalda lífi og Jesú Kristur dó á krossinum svo við mættum öðlast eilíft líf. Í ofbeldisverkum Mendieta er lögð áhersla á að lífið sé mikilvægt og að hinn tilgangslausi dauði í höndum glæpamanns er svívirðilegur og brýtur gegn öllum siðaboðum.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Ana Mendieta	3
Æska og uppruni	3
Rætur og forn heimsmynd	4
Fornmenning Mexíkó	7
Forn trúarbrögð	7
Náttúran	8
Viðhorf til dauðans	9
Mannfórnir	10
Menningin í kringum hátíðir og dauðann.	11
Verk Ana Mendieta	14
Áhrif trúabragða og dauðinn	14
Vinnuferli	15
Silúeta verkin	16
Blóð	21
Ofbeldisverkin	25
Niðurstaða	28
Heimildaskrá	30
Viðauki	31

Inngangur

Bók Olgu M.Viso, *Ana Mendieta, Earth Body, sculpture and performance 1972-1985*, um kúbversku listakonuna Ana Mendieta var kveikjan að þessari ritgerð. Bókin er notuð sem grunnrit um upplýsingar af verkum Mendieta. Í þessari bók eru jafnframt greinar eftir Juliu P. Herzberg, Chrissie Iles og Guy Brett sem stuðst er við. Annað rit um ævi og verk Ana Mendieta er *Ana Mendieta, Body Tracks* sem Peter Fischer ritstýrði og vísað er í greinar Patrick Dondelinger og Lauru Roulet sem þar eru birtar. Grein Anne Creissels „From Leda to Daphne, Sacrifice and Virginité in the Work of Ana Mendieta” í ritinu *The Sacred and the Feminine; Imagination and Sexual Difference* í ritstjórn Griseldu Pollock og Victoriu Turvey Sauron, er notað til stuðnings við greiningu á verkum Mendieta. Það kemur fram í riti Olgu M. Viso að Mendieta valdi að taka áfanga í fornleifafræði í námi sínu og fór til Mexíkó að vinna við fornleifauppgröft. Þar varð Mendieta fyrir innblæstri og fann sitt annað heimili. Hversu mikil áhrif hafði menning og fornmenning Mexíkó á Mendieta og hversu víðtæk voru þau áhrif í verkum hennar. Til að geta svarað þeirri spurningu þarf að kanna menningu og fornmenningu Mexíkó betur. Rit Frederick Peterson *Forn Mexíkó, kynning á frum-amerískri menningu* og rit mexíkanska fræðimannsins og ljóðskáldsins Octavio Paz, *Völundarhús einsemdarinnar, líf og hugsun í Mexíkó*, eru notuð til upplýsinga um menningu og fornmenningu Mexíkó. Octavio Paz var í miklum metum hjá Mendieta, en vert er að nefna að hann var virt skáld á 20. öld. Það verður ekki farið yfir alla þætti menningar og fornmenningar Mexíkó heldur einblínt á trú og viðhorf Mexíkana til lífsins.

Við erum öll mótuð af því samfélagi sem við lifum í, þar sem ákveðinn hugsunarháttur og siðir eru í hávegum hafðir og eru okkur kunnuglegir. Þegar við kynnumst samfélagi þar sem annar hugsunarháttur og siðir eru til staðar og eru öðruvísi en við eigum að venjast, þá bregður okkur við. Það hve menning og fornmenning Mexíkó hafði mikil áhrif á listakonuna Ana Mendieta var einstaklega áhugavert. Þetta var ekki samfélag sem hún fæddist eða ólst upp í en féll henni einstaklega vel í geð. Það kemur spánskt fyrir sjónir þar sem

sjónarhorn forn Mexíkó til lífsins og tilverunar er vægast sagt allt öðruvísi en Mendieta ólst upp við í Bandaríkjunum og vesturlandabúar eiga að venjast. Blóði drifin og ofbeldisfull trúarsaga Mexíkó er truflandi, þar sem mannlífið var í litlum metum. En viðhorf þeirra til dauðans var ekki jafn afgerandi eins og hjá fólki í vestrænu samfélagi. Birtingarmynd viðhorfa forn Mexíkó eru sterk í listsköpun Ana Mendieta, þar sem hún er óhrædd við að nota miðla eins og blóð í verkum sínum. Verk Mendieta fær hinn vestræna áhorfanda til að opna augun fyrir bláköldum veruleikanum, lífið er fallett og gefandi en það er einnig blóðugt og ógeðfellt. Hún miðlar þessu á sinn einstaka hátt með vísun í viðhorf forn Mexíkó til lífsins og dauðans. Þegar list Mendieta er skoðuð til að byrja með vekur hún óhug þar sem framsetning hennar er hrá og ofbeldisfull á köflum en við nánari skoðun sést að hún er einnig ljóðræn og angurvær. Hvert verk hennar er athöfn, óður til lífsins og jafnframt til dauðans. Hún er óhrædd að takast á við umdeilt efni og setja það fram á óhefðbundin og framandi hátt. Mexíkanskur hugsunarháttur er jafnvel enn í dag mjög ólíkur hinum vestræna hugsunarhætti þegar kemur að viðhorfi til lífs og dauða, það má rekja til forn Mexíkó og trúarathafna þeirra tíma. Mendieta miðlar þessum hugsunarhætti með einum eða öðrum hætti í verkum sínum.

Ana Mendieta

Æska og uppruni

Ana María Mendieta var fædd á Kúbu árið 1948. Móðir hennar var Raguél Oti de Rojas og faðir hennar var Ignacio Alberto Mendieta Lizaur, hún átti tvö systkini, systurina Raquelín (1946) og bróðurinn Ignacio (1958).¹ Vegna þess að Mendieta fjölskyldan studdi ekki byltingu Castro á Kúbu varð fjölskyldan að flýja til Bandaríkjana.² Ana og systir hennar Raquelín voru fyrstar af fjölskyldunni til að yfirgefa Kúbu en þær fóru þann 11. september árið 1961, þar með voru þær útlagar frá Kúbu ásamt þúsundum annarra Kúbverja. Systurnar sáu ekki móður sína og bróður fyrir en 29. janúar 1966 og faðir þeirra sameinaðist fjölskyldunni ekki fyrir en 26. apríl 1979 en hann sat í fangelsi fyrir að vera á móti byltingunni og fyrir að aðstoða Bandaríkjamenn í innrásinni.³

Flóttinn frá Kúbu til Iowa í Bandaríkjunum reyndist systrunum mjög erfiður og þær upplifuðu einangrun í Iowa því veðurfarið og umhverfið var ekkert líkt latneska umhverfinu og menningunni sem þær ólust upp við. Ana Mendieta hafði ekki tækifæri til að upplifa og kynnast menningu sinni eftir að hún flúði frá Kúbu fyrir en móðir hennar kom til Bandaríkjana. Á Miami í Flórída bjó fjöldi Kúbverja. Mendieta og móður hennar ferðuðust tvisvar saman til Miami en sumarið 1970 fór Mendieta aftur til Miami til að tengjast og kynnast rótum sínum á ný.⁴

Ana Mendieta kláraði framhaldsskóla í Iowa og þaðan lá leiðin í Briar Cliff College þar sem hún tók fjölda listkúrsa en sumarið 1967 fluttist hún frá Briar Cliff yfir í Háskólann í Iowa, þar sem hún lauk BA gráðu í myndlist árið 1969 og sumarið sama ár byrjaði hún á MA námi í myndlist.⁵ Árin sem Mendieta varði í Háskólanum í Iowa voru mikilvæg fyrir þróun hennar sem

1 Olga M. Viso, *Ana Mendieta, Earth Body, sculpture and performance 1972-1985*, (Washington: Hirshhorn Museum and Sculpture Garden, Smithsonian Institution, 2004), bls. 36.

2 Cornelia Butler, *WACK! Art and the feminist revolution*, Ritstj. Lisa Gabrielle Mark, (Los Angeles: Museum of Contemporary Art, Cambridge, Mass: MIT Press, 2007), bls. 265.

3 Olga M. Viso, sama rit, bls. 39-40.

4 Sama.

5 Sama rit, bls. 40.

listamanns þar sem hún fékk að rannsaka sjálfa sig og sínar aðferðir. Verkin sem hún gerði í skólanum eru mörg einstaklega áhrifamikil enn í dag. Þar fékk hún frelsi til að gera það sem hún vildi og tjá sig í gegnum listina og rannsaka sínar eigin aðferðir í öruggu umhverfi skólans undir leiðsögn góðra kennara.

Rætur og forn heimsmynd

Sumarið 1971 ferðaðist Mendieta til Mexíkó til að uppfylla hluta námskeiðs í rannsóknarvinnu í fornleifafræði sem hún tók í meistaranáminu í myndlist. Í huga Mendieta bjó frumstæð menning Mexíkó yfir innri þekkingu, nálægð við náttúrulegar auðlindir sem voru gæddar ákveðnum sannleika. Hún dáðist að heildrænni heimsmynd þessarar fornu menningar, með auðmýkt og virðingu hennar fyrir náttúrunni og trú þeirra á tilveru alheimssannleika. Hún lýsti frumstæðri list með þessum orðum „Það eru einskonar töfrar, þekking og kraftur sem frumstæð list býr yfir sem hefur verið áhrifavaldur gagnvart mínu persónulega viðhorfi til listsköpunar.”⁶

Octavio Paz lýsir því hvernig einstaklingur upplifir sig án heimalands og finnur tengingu í nýju landi: „Sektin getur horfið, sárin gróið, útlegðin orðið að samneyti. Einsemdin tekur þannig á sig hreinsandi mynd. Einfarinn eða útlaginn hefur sig upp yfir eigin einsemd, upplifir hana sem prófraun og sem loforð um samneyti.”⁷ Það virðist vera að Mendieta tengi hinn horfna menningarheim við heimaland sitt Kúbu, þaðan sem hún var rifin upp með rótum og send í nýtt og óþekkt umhverfi. Uppgröfturinn fór fram í Mexíkó í rómönsku amerísku umhverfi sem hún þekkti frá barnæsku sinni. Olga M. Viso bendir á að tengingin var sterk þegar hún var á uppgreftrarsvæðinu að vinna að uppgreftri á fornri mexíkanskri menningu. Mexíkó varð staðgöngumóðir hennar í stað móðurlands hennar Kúbu þrátt fyrir að löndin séu ólík.⁸ Octavio Paz lýsir hér

6 Sama rit, bls. 45. - „It is this sense of magic, knowledge, and power that primitive art has that has influenced my personal attitude toward art making.”

7 Octavio Paz, *Völundarhús einsemdarinnar, líf og hugsun í Mexíkó*, Þýð. Ólafur J. Engilbertsson, (Reykjavík: Bjartur, 1993), bls. 39.

8 Julia P. Herzberg, „Ana Mendieta’s Iowa Years, 1970-1980.” *Ana Mendieta, Earth Body, sculpture and performance 1972-1985*, Ritsjtj. Olga M. Viso, (Washington: Hirshhorn Museum and Sculpture Garden, Smithsonian Institution, 2004), bls. 137-180, bls. 143.

nánar hversu erfiður flótti frá heimalandinu getur reynst hverjum þeim sem þarf að upplifa slíkt:

„Nú, aðskilnaður veldur alltaf sárum. Þótt ég ætli mér ekki að fara ofan í kjölinn á því hvernig og á hvaða augnabliki þessi aðskilnaður á sér stað, vil ég benda á að hverskyns riftun tengsla (við okkur sjálf eða þá sem í kringum okkur eru, við fortíð og nútíð), getur af sér einmanakennd. Í hinum öfgakenndu tilvikum – aðskilnaði frá foreldrum, frá móðurkviði eða fósturjörð, við dauða guðanna eða sársaukafulla sjálfsvitund – er einsemdin samsömuð munaðarleysi. Og hvor um sig birtist venjulega í formi sektarkenndar.”⁹

Mendieta upplifir sig sem útlaga og finnur fyrir einsemd, en í Mexíkó hefur hún sig yfir eigin einsemd þar sem samfélagið minnir hana á heimaslóðir og upprá þessu lítur hún á Mexíkó sem sitt annað heimili. Dulúðin sem sveipar uppgreftrarstaðinn og sögu fornu Mexíkó heillar hana. Öfgafullar og blóðugar trúarathafnir veita henni innblástur, dýrkun þeirra á dýrum og fuglum finnst henni aðdáunarverð, viðhorf þeirra til dauðans er frelsandi. Hugmyndin um fornan sannleika og þekkingu sem býr í rústunum tengist hinu eilífa hringferli, líf okkar endar ekki með dauðanum heldur er partur af hringferli náttúrunnar.

Hin forna menning sem var grafin í jörðina átti eftir að verða Mendieta mikill innblástur. Hún sá fornmunina sem part af heildrænni heimsmynd horfinnar menningar, sem bjó yfir auðmjúkri virðingu fyrir náttúrunni sem var henni alltaf nærtæk. Trú hins forna menningarheims á alheimssannleika er ekki þekktur í dag, en við leitum hans í munum þar sem eldri menningarheimar lifðu í nánara sambandi við náttúruna.

Áður en Mendieta gat snúið aftur til Kúbu fæðingarlandsins síns, ferðaðist hún nánast hvert sumar á árunum 1971-80 til Mexíkó, þar sem sagan, tungumálið og landslagið virtist henni kunnulegt og heillandi. Mendieta sagði í

⁹ Octavio Paz, bls. 39.

viðtali: „Allir voru af svipaðri hæð og ég með sama litaraft.”¹⁰ Hún féll inn í hópinn í Mexíkó, það hefur greinilega tekið á hana að vera öðruvísi í hvíta heiminum, Bandaríkjunum.

Það skiptir miklu máli að taka tillit til aðdáunar Mendieta á fornri menningu Mexíkó vegna þess að það varðar sjálfsmynd hennar. Hvernig hún upplifir sig án heimalands, hvernig það hefur áhrif á hana sem konu og hvernig það hefur áhrif á listsköpun hennar. Þarna á uppgreftrarsvæðinu upplifði hún tilfinninguna eins og hún væri komin heim, þó að hún hefði aldrei búið í Mexíkó en það var eitthvað sem kallaði til hennar. Hún upplifði tengingu sem hún miðlar til okkar með verkum sínum þar sem hún bendir á hvernig þessi forna menning byggist á nánd við náttúruna, móður jörð.

¹⁰ Laura Roulet, „Ana Mendieta, Entre Dos Mundos/Zwischen zwei Welten”: *Ana Mendieta, Body Tracks*, ritstj. Peter Fischer, (Luzern: Kunstmuseum Luzern, 2002), bls. 35-45, bls. 40. - „Everybody was my height and had dark skin.”

Fornmenning Mexíkó

Forn trúarbrögð

Elstu ummerki trúar sem áhrifavalds í sögu mannkyns er í kringum 1500 f.kr. Þegar maðurinn byrjaði að grafa hina látnu með leirpottum og myndum sem bentu til trúar á líf eftir dauðann. Fyrstu blætis stytturnar úr bökuðum leir eru kvenkyns og líklega tákna þær frjósemisgyðjur, táknrænar fyrir getnað og fjölgun, fæðingu og vöxt.¹¹ Trú Mexíkana var blanda af trú Azteka og Maya indjána, þar sem hættir Azteka voru bundnir að mestu við láglandið og hættir Maya við hálandið.¹²

Trúarsaga Mexíkó er útötuð blóði, trúarfórnir þar sem hjörtu og blóði var fórnað guðunum til dýrðar og líkneski útötuð blóði báru vott um einlæga trú Mexíkana á kraft þess. Hundruðir hátíða og veislna voru haldnar guðunum til dýrðar, til að þóknast þeim voru þeim færðar allskonar fórnir og mikil metnaður var lagður í að gera þær sem mikilfenglegastar. Mexíkanar álitu sjálfa sig mjög nána guðunum.¹³ Indjánar Mexíkó aðhylltust andlegu hliðina þegar kom að lausn vandamála hversdagsins frekar en leita tæknilegra eða vísindalegra leiða. Þeir notuðu blöndu af töfrum og trúarbrögðum til að ávinna sér góðrar uppskeru, langlífis, heilsu, ríkidæmis, barna og hamingju. Litríkar hátíðir voru haldnar á trúarstöðum eða í hofum í þeim tilgangi að öðlast meiri velgengni í lífinu, fólkið hélt þessar hátíðir nauðbeygt vegna hefðar, ótta og vonar. Mexíkönsk menning byggðist á klerkaveldi og forlagatru, hún byggði á listfengi og reynsluvísindum með alvarlegum og ströngum siðferðisreglum og háleitum þjóðfélags hugmyndum.¹⁴ Ef eitthvað slæmt gerðist svo sem sjúkdómar, uppskerubrestur vegna þurrka eða hvers kyns óhöpp eða ólukka í daglegu lífi þá var það vegna þess að guðunum hafði ekki verið sinnt nægilega eða þeim ekki þóknast fórnirnar sem þeim höfðu verið færðar. Guðirnir voru ekki fullkomnir heldur mislyndir, eða þá útskýringu höfðu forn Mexíkóar þegar eitthvað fór úrskeiðis.

11 Frederick Peterson, *Ancient Mexico; An Introduction to the Pre-Hispanic Cultures*, önnur útgáfa, (New York: Capricorn Books, 1962), Bls. 125.

12 Sama rit, bls. 136.

13 Sama rit, bls. 125.

14 Sama. - „As a result the Mexican civilizations were theocratic, fatalistic, artistic, and empirical, with severe and high moral codes and exotic national ideals.”

Náttúran

Fjöll, ský, jörð, steinar, eldur og skógar voru persónugerð og sólin, tunglið, stjörnunar, nóttin, dagurinn, vindurinn, rigningin, þruman, vatnið og jarðskjálftar sköpuðu stórfenglega náttúrulega umgjörð um hof guðana.¹⁵ Heimur framliðinna var hluti af heimi náttúrunnar og það sem var yfirnáttúrulegt var ekki greinilega skilgreint og hlutir sem erfitt var að útskýra töldu indjánarnir vera bæði náttúrulega og yfirnáttúrulega, sérstök blanda á mismunandi hliðum raunveruleikans.¹⁶ Allir hlutir voru byggðir á karl- og kvenþáttum, sem fæddu guðina, heiminn og manninn. Guðlegir og náttúrulegir hlutir voru til vegna ævarandi baráttu milli andstæðna. Þetta á við nótt og dag, ljós og myrkur, líf og dauða, vöxt og hnignun, gott og illt, veikindi og heilsu.¹⁷ Guðirnir voru ekki fullkomnir, hver guð bjó yfir kostum og göllum, góðu og illu. Það var mismunandi guð fyrir hvert þorp, þjóðarhóp, árstíð, starfstétt, ár, dag og jafnvel tíma dags. En sami guð gat líklega einnig verið tilbeðinn undir öðru nafni í öðru þorpi, því ólíklegt er að hver þjóðflokkur hafi átt slíkan gífurlegan fjölda guða.¹⁸

Einn af guðunum var Youallahuana (Sá sem drekkur að nóttu), hann var guð hins nýja tungls. Á myndum sést hann íklæddur mannshúð af manni sem hafði verið fleginn eftir fórn. Lendarskýla hans var gerð úr stélfjöðrum svala og hann var málaður rauður og hvítur. Á hverju ári var haldin mikil veisla Ylacaxipehualiztli (Veisla fláðu mannanna) í hans nafni, þar sem fórnalömbin sem fórnað var voru flegin. Prestanir klæddu svo sjálfa sig í húð fórnalambanna og dönsuðu í henni í nokkra daga. Þetta var táknrænt gert fyrir endurnýjun jarðargróðurs.¹⁹

Mexíkanar tengdu guðina við ákveðna fugla eða dýr. Sem dæmi má taka hinn svokallaða Moan fugl af Mata sem var týpískur fálki, hann var tengdur við himininn og skýin en hafði sérstök einkenni. Moan fuglinn hafði gogg uglu,

15 Sama rit, bls. 126.

16 Sama.

17 Sama.

18 Sama rit, bls. 126-127.

19 Sama rit, bls. 128.

stórar fjaðrir, dílótt eyru og stór augu með augnabrúnum. Líkaminn var í mannsmynd með vængi.²⁰ Moan fuglinn var blanda af fugli og manni. Flestir hálandaguðirnir voru tengdir við fugla eða dýr til dæmis voru uglur tengdar við guði dauðans, örninn táknmynd ljóssins og sólarinnar, krókódfíllinn táknaði jörðina (vegna þess að heimurinn var skapaður á baki krókódfíls) og kólíbrífuglinn var táknrænn fyrir sálir dauðra hermanna sem höfðu snúið aftur til jarðarinnar.²¹

Viðhorf til dauðans

Mexíkanar trúðu á þrjá heima, fyrsti heimurinn voru himnanir sem voru þrettán, annar var heimur manna og sá þriðji voru undirheimanir níu.²² Þar af leiðandi var dauðinn ekki endir heldur hluti af lífshringnum, eilífðin kom sjálfkrafa. Þegar líf þeirra endaði á jörðinni var það aðeins upphaf á ferðalagi, þeir sem voru ekki það heppnir að komast inn í einn af hinum þrettán himnum sáu fyrir sér ferðalag í gegnum hina átta undirheima til að komast til þess níunda þar sem dauðar sálir hvíldu. Octavio Paz lýsir viðhorfi Mexíkana til dauðans með þessum orðum:

„Gagnvart Mexíkönnum fortíðarinnar voru andstæður lífs og dauða ekki jafn algerar og gagnvart okkur. Lífið framlengdist í dauðanum og öfugt. Dauðinn var ekki náttúrulegur endir lífsins, heldur áfangi á eilífðarbraut. Líf, dauði og upprisa voru stig í skipulegri þróun, sem endurtók sig látlaust. Lífið átti sér ekki háleitara markmið en að renna saman við dauðann, andstæðu sína og uppbót; hinsvegar var ekki litið á dauðann sem endalok; maðurinn nærði með dauða sínum hið óseðjandi hungur lífsins.”²³

Mexíkanar hræddust ekki dauðann, þeir litu þó hvorki á hann sem verðlaun né refsingu. Það er til máltæki í Mexíkó sem hljóðar svo: segðu mér

20 Sama rit, bls. 139.

21 Sama rit, bls. 140.

22 Sama rit, bls. 140-141.

23 Octavio Paz, bls. 33.

hvernig þú deyrð og ég segi þér hver þú ert.²⁴ Octavio Paz lýsir því sem svo: „Dauðinn er spegill sem endurvarpar hégómlegum tilburðum lífsins.”²⁵ Ævi Mexíkanans er fyrirfram skipulögð og þar með dauðdagi hans, þar með er hægt að segja til um hver hann var eftir því hvernig hann dó. Dauði Mexíkanans sagði einnig til um hvert hann færi eftir þetta líf, annað hvort í eitt af hinum þrettán himnaríkjum eða í ferðalag um undirheimana til Mictlan (staðar dauðra) í níunda undirheimi. Þetta var alls ekki refsing fyrir syndir, vegna þess að Mexíkanar trúðu að dvölin á jörðinni væri nægileg sem slík, þar sem þeir höfðu upplifa hungursneyð, þurrka, eynd, þorsta, erfiðleika og þrælkun. Dauða sálin þurfti að komast í gegnum alla átta undirheimana og þrautir þeirra til að komast í áfangastað í hinum níunda undirheimi.²⁶

Octavio Paz skrifar að fyrir Mexíkönnum sé það ekki fyrr en í dauðanum sem lífið fær réttlætingu og verður hafið yfir sjálft sig og kæruleysi Mexíkana gagnvart dauðanum á rætur að rekja til kæruleysis þeirra gagnvart lífinu. Á hinn bóginn er dauðinn hefnd Mexíkananna á lífinu, dauðinn berstrípar það af öllum hégóma og tilgerð og gerir það að því sem það er, nokkrum snyrtilegum beinum og skelfingargrettu. Octavio bendir einnig á að lífsdýrkun er einnig dauðadýrkun ef hún er í raun alhliða og sönn. Hvor um sig verður ekki skilin frá hinni.²⁷

Mannfórnir

Mannfórnir léku mikilvægan þátt í félagslegum, hagfræðilegum, stjórnmálalegum og trúarlegum hugmyndum Mexíkana, þar sem maðurinn samþykkir ábyrgð sína.²⁸ Viðeigandi matur fyrir sólina eða guðina var mannshjarta og blóð, kjarni mannsins. Því miður gat sólin ekki notið kjarnans nema að blóðið og hjartað væri tekið út úr mannlíkamanum.²⁹ Hvað fékk þá til að trúa að hið eina ásættanlega fyrir sólina (guð) væri hjarta og blóð úr manni?

24 Sama.

25 Sama rit, bls. 32.

26 Frederick Peterson, bls. 141.

27 Octavio Paz, bls. 34-36.

28 Frederick Peterson, bls. 145.

29 Sama.

Það var vegna þess að þeir trúðu að guðirnir hefðu skapað manninn með því að blanda saman beinum látinna manna úr fyrri sköpun og þeirra eigin guðsblóði, það var því réttmætt að maðurinn gæfi blóð til að fæða guðina, sem litu á manninn sem uppskeru af fræi sem þeir hefðu sáð, eins og korn sem verður að yndislegri kornuppskeru. Maðurinn var fæða guðanna. Sólin fæddist á hverjum morgni og dó hvert kvöld í hinni eilífu baráttu, og því varð að næra sólina reglulega til að hún héldi styrk sínum því annars myndi hún hverfa og eilíf nótt ríkja. Þegar búið var að fórna manneskju varð að jarðsetja hana eins og fræ svo mannkynið gæti haldið áfram að vera til.³⁰ Octavio Paz lýsir mun viðhorfa til dauðans hjá kristnum mönnum og Mexíkönnum á eftirfarandi hátt:

„Gagnvart kristnum mönnum er dauðinn umskipti, heljarstökk á milli eins lífs og annars, hins tímabundna og hins ójarðneska; gagnvart Aztekum var dauðinn altækasta þátttökuaðferðin í sífelldri endurnýjun sköpunaraflanna, sem voru í útrýmingarhættu, fengju þau ekki blóð, hið heilaga fæði.”³¹

Octavio Paz er hér að benda á grundvallar mun í hugsun gagnvart dauðanum, þar sem dauðinn er álitinn stórt og mikið skref frá lífinu í hugarheimi kristinna manna en hjá Aztekum var hann álitinn eðlilegt framhald til viðhalds og endurnýjunar lífs.

Meningin í kringum hátíðir og dauðann.

Í dag svífur hinn mexíkanski andi sem er blanda af skrautgírni, kæruleysi og viðhöfn, hirðuleysi, ástríðu og tólmleika yfir landinu.³² Octavio Paz lýsir því hvernig Mexíkanar láta tilfinningarnar auðveldlega hlaupa með sig í gönur og þar af leiðandi forðast þær, þetta leiðir til einmanakenndar sem undirstrikar það að þeir séu öðruvísi og í raun og veru einir, einmanakennd sem á víxl viðurkennir sjálfa sig og hafnar, í bölsýni og gleði, þögn og skarkala, í tilefnislausum glæpum og ofsatrú. Mexíkananum finnst sem hann hafi verið hrifsaður úr móðurlífi þess veruleika sem er bæði skapandi og eyðandi, móðir

30 Sama rit, bls. 146.

31 Octavio Paz, bls. 34.

32 Sama rit, bls. 6.

og gröf.³³ Eins og Octavio Paz lýsir muninum á hugsun Bandaríkjamanna og Mexíkana til að undirstrika blekaða sýn Mexíkanans til lífsins og einsemdina sem hann upplifir í þessum ömurlega heimi, segir hann að hið bandaríska kerfi vilji aðeins sjá hina jákvæðu hlið raunveruleikans.³⁴ „Bandaríkjamenn eru auðtrúa – við erum trúaðir. Þeir halda uppá álfasögur og leynilögreglusögur, en við goðsagnir og þjóðsögur. Gagnvart okkur er raunsæismaður ávallt bölsýnismaður.”³⁵

Mexíkanar fá þó útrás fyrir einsemdina og bölg hversdagslífsins nokkrum sinnum á ári þegar hinar og þessar hátíðir eru haldnar. Octavio Paz lýsir því: „Hátíðirnar eru eini munaður okkar; þær koma í stað, og standa jafnvel frammar, leikhúsferðum, orlofi og engilsaxneskum helgarleyfum og hanastélsboðum, móttökuathöfnum borgarstéttarinnar og kaffihúsasetum Miðjarahafsþjóðanna.”³⁶ Það er á þessum hátíðum svo sem þjóðhátíðum, héraðshátíðum, verkalyðshátíðum eða jafnvel gleðskap innan fjölskyldunnar sem Mexíkaninn opnar sig fyrir umheiminum, þar sem honum gefst tækifæri á að afhjúpa sjálfan sig og ræða málin við almættið, ættjörðina, vinina eða fjölskylduna. Á þessum dögum flautar hann og hrópar og syngur, skýtur á loft flugeldum og skýtur úr byssu sinni út í bláinn. Hann skýtur sál sinni á loft.³⁷ Octavio Paz lýsir því hvernig á tilteknum hátíðum skipulag og regla hverfur með öllu:

„Glundroðinn snýr aftur og taumleysið ríkir. Allt leyfist: venjuleg lagskipting hverfur sem og samfélagsleg forréttindi kynja, stétta og féлага. Karlmennt dulbúast sem konur, fyrirmenn sem þrælur, fátækir sem ríkir. Herinn, prestastéttin og löggjafavaldið eru hædd. Börn og bjánar fara með völd. Hefðbundin helgisþjöll og guðleysisathafnir fara fram. Ástin verður lauslát. Stundum verður hátíðin að svartri messu. Reglur, venjur og siðalögmál eru þverbrotin. Hver og einn heiðvirtur einstaklingur kastar af sér grímu holdsins og dökkum einangrunarklæðum og er frjáls undan

33 Sama rit, bls. 10.

34 Sama rit, bls. 14.

35 Sama rit, bls. 12.

36 Sama rit, bls. 29.

37 Sama.

sjálfum sér, skreyttur skærum litum og falinn bak við öndunargrímuna.”³⁸

Erfiðleikar hverdagsleikans eru víðsfjarri á þessum hátíðum, strit og púl gleymist í gleðskapnum og hin lokaði Mexíkani opnar sig og nýtur lífsins áður en hann þarf að hverfa aftur til hins bölvada veruleika. Octavio Paz bendir á að fyrir tilstilli hátíðanna losar þjóðfélagið sig undan þeim viðmiðum sem það hefur sett. Það hæðir guði sína, frumreglur og lög; það afneitar sjálfu sér.³⁹

38 Sama rit, bls. 30.

39 Sama rit, bls. 30.

Verk Ana Mendieta

Áhrif trúabragða og dauðinn

Patrick Dondelinger telur að trú móti stóran þátt í lífi og list Mendieta.⁴⁰ Hún hafi komið frá Kúbu þar sem kaþólsk-og santería trú þrífast saman og draga dóm hvor af annarri. Kaþólsk trú í Suður-Ameríku eða latnesku umhverfi er tilfinningaþrungin, dramatísk og með einkennum barokks, ofhlaðin í öllum skilningi. Kaþólsk trú féll vel að menningu Suður-Ameríku vegna dálætis þeirra á helgisiðum og helgiathöfnum. Það birtist í stöðugri og sterkri trú á sakramentinn, einstarkri virðingu fyrir heilagri guðsmóður, aðdáun á dýrðingum og helgidómum, svo ekki sé nefnt staðföst trú á kraftaverk. Dondelinger lýsir því einstaklega vel að guðhræðslan dvelur í sársaukanum sem er myndbirtur í þrívíðri mynd af illa útleiknum blóðugum líkama Jesú Krists á krossinum, krýndur þyrnum og úthellir sínu dýrmæta blóði frá sér numinn af sársauka til frelsunar mannsins frá syndum sínum.⁴¹

Mendieta ólst upp við tvö trúarsamfélög á Kúbu, það kaþólska og santería, en santería var trú þrælanna og barst með þeim frá Afríku.⁴² Dýrafórnir voru algengar í þeirri trú þar sem blóði úr hænum, fuglum og öðrum dýrum var úthellt yfir heilaga steina sem kallast *otas*.⁴³ Mendieta hefur líklegast kynnst þessari trú í gegnum þjónana á heimilinu þar sem hún var alin upp á miðstéttarheimili með kaþólskri trú.⁴⁴ Laura Roulet bendir á að blóðfórnir hafi verið algengar í rómanskri amerískri menningarhefð, þar sem þær voru taldar mikilvægar fyrir guðina og hringrás náttúrunnar. Þar með er ekkert skrítið að Mendieta líti á blóð sem kröftugan miðil.⁴⁵ Túlkun Octavio Paz á mexíkanskri

40 Patrick Dondelinger, „Ana Maria Mendieta, The Body, Art and Religion”: *Ana Mendieta, Body Tracks*, ritstj. Peter Fischer, (Luzern: Kunstmuseum Luzern, 2002), bls. 87-100, bls. 87.

41 Sama.

42 Chrissie Iles, „Subtle Bodies: The Invisible Films of Ana Mendieta.”, *Ana Mendieta, Earth Body, sculpture and performance 1972-1985*, ritstj. Olga M. Viso, (Washington: Hirshhorn Museum and Sculpture Garden, Smithsonian Institution, 2004), bls 205-223, bls. 208, og Laura Roulet, bls. 38.

43 Julia P. Herzberg, bls. 152.

44 Laura Roulet, bls. 38.

45 Sama rit, bls. 39.

menningu var í miklum metum hjá Mendieta.⁴⁶ Octavio Paz bendir á í skrifum sínum að viðhorf fornmenningar Mexíkó til dauðans sé annað en vesturlandabúar eiga að venjast:

„Andstaðan milli lífs og dauða var ekki jafn greinandi í fornmenningu Mexíkó og fyrir okkur. Lífið framlengist inn í dauðann og dauðinn inn í lífið. Dauðinn er ekki náttúrulegur endir á lífinu heldur einn af þáttunum í hinu eilífa hringferli. Líf, dauði og upprisa voru stig kosmísk ferlis sem endurtekur sig endalaust.”⁴⁷

Frá blautu barnsbeini elst fólk í Mexíkó upp við beinagrindina persónugerða í hátíðarhöldum og þjóðsögum.⁴⁸ Í verkinu *Lífsgjöf* (1974), stillir Mendieta upp beinagrind í grænu líflegu umhverfi. Beinagrindin er ötuð blóði á brjóstkassanum og með bleika plastgrímu sem sýnir andlitsdrætti, hendur eru einnig þaktar þessu bleika plastefni. Mendieta er nakin á meðan hún er að stilla beinagrindinni upp, en þegar hún er búin að því þá leggst hún ofan á hana og kyssir hana.⁴⁹ Roulet segir að Mendieta sé að tengja sjálfa sig og beinagrindina. Hún hafi verið að má út skilin á milli lífs og dauða og sé táknað að sýna hið kosmíska ferli. Hún var að sýna fram á í þessu verki að líf og dauði eru nátengd. Í þessu verki sjást vel áhrif frá menningu Mexíkó, viðhorfið þeirra til lífs og dauða, við getum ekki upphafið annað án þess að upphefja hitt. Mendieta birtir þetta viðhorf Mexíkana til lífs og dauða myndrænt í þessu verki á fallegan og ljóðrænan hátt.

Vinnuferli

Mendieta vandi sig á þriðjætt vinnuferli. Í fyrsta hluta vinnuferlisins mótaði hún hugmynd að verki, í öðrum hluta framkvæmir hún verkið og í þriðji hlutanum skráði hún það. Þessi skref voru henni mikilvæg í gegnum allan listferilinn þar sem hún trúði því að eftirstöðvar af verkum hennar hefðu kraft til að skýra frá

46 Sama rit, 40.

47 Sama. -, „The opposition between life and death was not so absolute to the ancient Mexicans as it is to us. Life extended into death, and vice versa. Death was not the natural end of life but one phase of an infinite cycle. Life, death and resurrection were stages of a cosmic process which repeated itself continuously.”

48 Patrick Dondelinger, bls. 94.

49 Laura Roulet, bls. 80-81.

hugmyndum hennar og hegðun. Það eru til upplýsingar um vinnuferli hennar og verk frá árinu 1971 til 1985 í formi ljósmyndaflíma, myndbanda og skyggna í skjalasafni hennar. Snemma á listferli sínum gaf hún út þá yfirlýsingu að ljósmyndir af verkum hennar gerðu áhorfandanum kleift að upplifa verkin hennar og henni mögulegt að deila persónubundnum sögum. Það býr kraftmikil spenna í verkum hennar, þar sem hugmyndin og stefnulýsingin eru sameinaðar undir einn hatt í verkinu sjálfu og með skrásetningunni var verið að miðla því áfram í öðru formi.⁵⁰

Það var mismunandi hvort hún tók ljósmyndir eða myndbandsupptökur af silúeta og gjörningsverkum sínum. Ætli það hafi ekki farið eftir því hvað hún hafði við höndina á þeim tíma sem hún vann verkið. En myndbandsformið var vinsælt hjá henni þegar hún var að mynda eyðingu silúeta verkanna eða framkvæmd gjörnings. Það virðist sem ljósmyndaformið hafi alltaf verið henni nærtækt þegar kom að því að skrásetja verkin.

Þar sem verk Mendieta voru sjaldnast gerð fyrir framan áhorfendur, eru þau einungis aðgengileg í gegnum ljósmyndir og myndbönd. Áhorfendur voru ekki hvattir til að taka þátt í verkum hennar ef þeir voru á staðnum.⁵¹ Með því að hafa ekki áhorfendur eða þáttakendur í gjörningum eða listavekum sínum gat Mendieta stjórnað betur því sem áhorfendur sjá, miðlað upplýsingum til áhorfandans án óþarfa áreitis og haft meiri áhrif á hvað þeir lesa úr verkinu.

Silúeta verkin

Silúeta verk Mendieta mynda líkamsform hennar úr náttúrulegum efnum. Hún gerir verkið yfirleitt úti í náttúrunni, skrásetur allt vinnuferlið og eyðingu þess. Silúeta verkin voru ekki gerð til að endast heldur var þeim ætlað að hverfa með tímanum.

Silúeta er spænskt orð sem þýðir skuggamynd, útlínur og líkamslínur. Það er þrennt sem býr í verkum Mendieta, skuggamynd hennar sjálfar, líkamsform og myndbirting þankagangs hennar. Silúeta verk hennar eru mótuð úr eða rist í

50 Olga M. Viso, bls. 44.

51 Laura Roulet, bls. 40.

náttúruleg efni. Efnin sem Mendieta notaði voru meðal annars alls konar jarðvegur svo sem mold, gras, aska, steinar ásamt blómum, eldi, kertum, blóði, vatni, fjöðrum og svo mætti lengi telja.⁵² Formið sem silúeta verkin hafa eru byggð á hennar eigin ramma þ.e. kvenlíkamanum. Þar sem þessi verk eru mótuð úr náttúrulegum efnum úti í náttúrunni þá endast þau eins lengi og náttúran segir til um. Þau enduðu öll með því að eyðast, bara á mislögum tíma.⁵³ Mendieta varð fræg fyrir silúeta verk sín, gerði fjöldann allan af þeim verkum í alls konar lífræn efni og skrásetti með því að taka myndir af þeim. Silúeta verkin hurfu með tímanum úti í náttúrunni en þá var búið að skrásetja þau þannig að mynd þeirra er enn til. Sú myndataka er sambærileg fornleifauppgreftri sem gefur upplýsingar um liðna tíð og horfna menningu. Mendieta bendir á með þessu að þó við höfum ekki upplifað hina fornu menningarheima sjálf þá þýðir það ekki að upplifun okkar af þeim í dag sé minna virði. Hún hefur sama hátt á í öðrum verkum sínum þar sem fáir eða engir upplifa verkin hennar beint heldur í gegnum ljósmyndir eða myndbönd. Það var sumarið 1973 sem Mendieta mótaði fyrsta þrívíða silúeta skúlptúrinn þegar hún fór til Mexíkó. Hvert silúeta verk var mótað í sömu stærð og líkami Mendieta.⁵⁴

Silúeta verkin voru sem sett fram með ýmsu móti. Sem dæmi var líkamsform hennar grafið í jörðina, mótað úr náttúrulegum efnum, útlínur dregnar með byssupúðri eða myndað með blómum á vatni. Hún rannsakaði, prófaði sig áfram og skrásetti allt ferlið, annað hvort með ljósmyndum eða myndbandsupptöku. Með því að tengja sig við náttúruna og móta sjálfsmýnd sína í hana var hún að tengja sig myndrænt við hringferli náttúrunnar. Hún notaði náttúruleg efni sem afmást eins og þegar við deyjum. Það er hugsanlegt að viðhorf Mexíkana til dauðans hafi verið henni innblástur að þessum verkum þar sem hún er að rannsaka hið náttúrulega ferli. Hún virðist vera að rannsaka dauðann og framhaldslífið í gegnum silúeta verkin. Eins og áður hefur komið fram þá eru silúeta verkin öll gerð eftir líkamsformi hennar og úr náttúrulegum efnum sem veðrast með tímanum. Hún er að rannsaka hið náttúrulega ferli sem

52 Chrissie Iles, bls. 206.

53 Sama rit, bls. 205.

54 Sama rit, bls. 210.

dauðinn er óhjákvæmilega hluti af og upplifa dauðann í gegnum verkið. Horfir á líkamsform sitt hverfa inn í eilífðina.

Dauðadýrkun felur í sér lífsdýrkun eins og Octavio Paz bendir á: „Lífsdýrkun er einnig dauðadýrkun ef hún er í raun alhliða og sönn. Hvor um sig verður ekki skilin frá hinni.”⁵⁵ En í silúeta verkum Mendieta má einnig sjá óð til lífsins. Hún er að rannsaka frjósemi, konan er oft höfð sem tákn fyrir frjósemi og gyðjurnar í fornri trú Mexíkana voru engar undantekningar. Flestar konur geta alið börn og eru frjósamar. Móðir náttúra sem er kraftmikil og frjósöm, veitir okkur líf, sér okkur fyrir mat og efniviði til að byggja húsaskjól. En móðir náttúra er mislynd og getur gert lífsbaráttuna erfiða, það var myndbirt í hinum fornu guðum og gyðjum Mexíkó, þau gáfu líf en höfðu einnig valdið til að taka það aftur. Í hinni fornu trú voru ekki bara ein gyðja eða guð heldur aragrúi, þar sem hver og einn þjónaði sínu hlutverki. Eins og áður hefur komið fram þá áttu Mexíkanar marga guði fyrir hvert og eitt tækifæri eða atburð. Það voru margbreytilegar prestastéttir og stigveldi af prestum í forn Mexíkó. Ein af þessum stéttum var Chihuatepixque sem var kvenprestastétt sem ekki er vitað mikið um en þær sáu um menntun stúlkna. Í kringum þær mynduðust trúarhópar og var einn þeirra, Chihuacuacuilli, skipaður prestkonum sem tileinkuðu sig jarðargyðjunni.⁵⁶

Imagen de Yagul (Mynd frá Yagul) frá árinu 1973 er fyrst svokallaðra silúeta verka Mendieta og markaði upphaf þeirra.⁵⁷ Þar lá Mendieta nakin í gamalli grafhvelfingu, sem átti sér fornan latneskan uppruna að talið er, þakin hvítum blómum sem Hans Breder, ástmaður hennar og kennari,⁵⁸ hafði lagt skipulega yfir hana. Breder tók ljósmyndir af uppstillingunni og Mendieta valdi eina þeirra til sýningar.⁵⁹ Á ljósmyndinni sést greinileg tilvísun Mendieta í hringrás lífsins. Mendieta liggur sem látin í grafhvelfingunni og blómin staðsett á líkama hennar eins og þau vaxi upp úr honum. Þarna er hún að benda á að þrátt fyrir dauðann þá er maður enn hluti af lífinu, hluti af móður náttúru sem

⁵⁵ Octavio Paz, bls. 36.

⁵⁶ Frederick Peterson, bls. 143.

⁵⁷ Olga M. Viso, bls. 52.

⁵⁸ Sama rit, bls. 40.

⁵⁹ Sama rit, bls. 52.

gefur líf. Mendieta myndbirtir sig hér sem orku fyrir komandi kynslóðir, fórn sem búið er að jarðsetja.

Anne Creissels nefnir í grein sinni sem nefnist *Frá Ledu til Daphne*, þar sem hún fjallar um list Ana Mendieta, að náttúrutengdu- og silúeta verkin séu tenging hennar við endurfæðingu.⁶⁰ Tenging milli konu og jarðar tákngerist í því að dauðinn gefi líf. Þar sem Mendieta liggur sem látin í gröfinni og hvít blóm virðast spretta upp úr líkama hennar tengir það dauðann við líf og kvenlíkaman við frjósemi í almennum skilningi. Kvenlíkaminn er frjósamur í lifanda lífi og einnig í dauðanum, þegar hann verður aftur hluti af náttúrunni og hringferli lífs og dauða. Mendieta er að hafa áhrif á hvernig litið er til kvenlíkamans, sem hluta af stærri heild, ómissandi og mikilvægum þætti í alheiminum.

Verkið *Untitled (Lífsins tré)* frá árinu 1979 var framkvæmt í Yagul í Mexíkó. Þar samlagar hún sig lífsins tré og uppfyllir með því sína dýpstu þrá að verða eitt með náttúrunni. Í verkinu sjáum við Mendieta ataða í grænleitum leir þar sem hún liggur í rótum trés. Augu hennar eru lokuð og hún samlagast trénu nánast fullkomlega í rötarkerfinu. Í þessu verki líkt og mörgum öðrum silúeta verkum er hún að rannsaka endurfæðingu og tengingu milli lífs og dauða sem er rötgróið í Mexíkanskri menningu.⁶¹ Í þessu verki sjáum við aftur hvað henni er hugleikið hvað verður um okkur eftir dauðann. Hérna myndbirtir hún sig sem hluta af rötarkerfi trésins, hluti af heild, hringrás lífsins, staðfesting þess að þegar við deyjum verður líkami okkar orkuauðlind fyrir annað líf.

Verkin *Imagen de Yagul (Mynd frá Yagul)* og *Untitled (Lífsins tré)* eru silúeta verk þar sem Mendieta notar sinn eigin líkama í verkunum í stað þess að móta líkamsform sitt í náttúruleg efni. *Imagen de Yagul (Mynd frá Yagul)* er eitt af hennar fyrstu silúeta verkum en uppfrá því áttu þau eftir að breytast og þróast. Munurinn á þessum tveimur framsetningaraðferðum var sá að þegar hún mótaði silúeta verkið í náttúruleg efni gat hún fylgst með náttúrunni þurrka þau út, en

60 Anne Creissels, „From Leda to Daphne, Sacrifice and Virginity in the Work of Ana Mendieta”, *The Sacred and the Feminine; Imagination and Sexual Difference*. ritstj. Pollock, G. og Sauron, V.T., (London: L.B Tauris&Co Ltd., 2007), bls 178-188, bls 186.

61 Olga M. Viso, bls. 52.

þar sem hún var sjálf hluti af silúeta verkunum samsamaði hún sig náttúrunni fullkomlega.

Mendieta mótaði silúeta verk á ströndinni La Ventosa í Mexíkó árið 1976, líkamsformið var fyllt með rauðum lit og var verkinu að lokum skolað í burtu af öldunum sjávar. Hún skrásetti útpurrkun verksins af sjávarfallinu í tímaröð á 35 mm skyggjur.⁶² Rauði liturinn var fyrstur til að hverfa, síðan varð líkamsformið óskýrara og óskýrara og endaði með að sandurinn, þar sem hún hafði gert verkið, þar engin merki þess að nokkur maður hefði verið þarna, hvað þá að listaverk hefði verið þarna. Rauði liturinn er táknrænn fyrir ofbeldi, þarna má lesa hringrás lífsins þar sem verkið afmáðist hægt og bítandi úr sjávarmálinu. Án skráningar gleymast hlutir og glatast. Hún gæti í þessu verki verið að vísa til mannfórna Azteka þar sem hjarta og blóð fórnarlamba var tekið með ofbeldisfullum hætti og fært sólarguðinum til viðhalds hringrásar lífsins og endurnýjunar sköpunaraflanna.

Í verkinu *Hojas rojas silhouette quemada alrededor*,⁶³ 1977, er silúeta verkið mótað úr rauðum laufblöðum sem urðu að ösku eftir að kveikt var í þeim. Þetta verk er úr röð verka sem kallaðist *Ixchell* sem hún notaði í mastersritgerðinni sinni árið 1977. Sérían er nefnd *Ixchell* í höfuðið á gyðju úr trú Maya, en hún var gyðja vefnaðar, lyfja og barnsfæðinga.⁶⁴ Mendieta byrjaði að nota eld í silúeta verkum sínum árið 1975, þar sem útlínur verksins voru mótuð með byssupúðri eða kertum sem kveikt var á, þessi silúeta verk brunnu ekki bara til grunna heldur eru þau táknræn fyrir að líkaminn snúi aftur til jarðarinnar og skilur um leið eftir sig hreinsaðar leifar. Mendieta tekur upp hvert silúeta verk vera að brenna til grunna þangað til askan stendur ein eftir.⁶⁵ Bæði er vitnað í dauðann og trúarbrögðin, hreinsunareldinn og manninn sem verður aftur að jörðu. Mendieta var ekki von að setja mark sitt á jörðina, en með byssupúðrinu og eldinum er hún að setja ofbeldisfullt mark á hana. Það er eins og hún sé að myndbirta sitt eigið sár sem býr innra með henni. Vitað er að

62 Sama rit, bls. 35.

63 Laura Roulet, bls. 103.

64 Laura Roulet, bls. 41.

65 Chrissie Iles, bls. 216.

Mayar fórnudu til eldguðsins með því að henda eldfimu púðri framan í einstaklinginn sem átti að fórna og síðan var hann settur á bálköstinn en dreginn út áður en hann var albrunninn til að plokka hjartað út.⁶⁶ Þetta sýnir að indjábanir voru tilbúnir að ganga eins langt í mannfórnum og þeir töldu nauðsynlegt til að þóknast guðum sínum.

Þó að Mendieta hafi fæðst á Kúbu þá heimsótti hún ekki fæðingarlandið sitt aftur, frá því hún fór þann 11. september árið 1961, fyrr en árið 1980. Eitt silúeta verk *Isla (Eyja)* sem hún framkvæmdi í Old Man's Creek árið 1981 vísar til þessarar heimsóknar. Þessi silúeta, sem er gerð úr jarðvegi, er umkringd grunnu vatni, einskonar eyja í kvenmannsformi.⁶⁷ Kvenmannsformið á eyjunni er hrein ábending um fæðingarlandið eða móðurlandið, hin týnda móðir sem hún var aðskilin frá allt of snemma. Með því að sameina land og vatn var hún að sameina tvo megin lífgjafa, jörðina sem fæðir okkur og nærir og vatnið sem er mikilvægt til þess að geta lifað. Í trú Azteka voru Tonacatecuhtli og kona hans Tonacacihuatl (herra og frú Viðurværi) æðstu guðirnir og þau voru ábyrg fyrir sköpun heimsins og guðanna. Þau sköpuðu heiminn á baki krókódíls en höfðu lítið með sköpun mannsins að gera.⁶⁸ Ekki er útilokað að Mendieta sé að vitna í krókódílinn sem tákni fyrir jörðina, þar sem hún samlagar hann með kvenlíkamanum í vatninu og undirstrikar þar með frjósemi jarðar.

Blóð

Eins og fram hefur komið var blóð mjög áhrifamikið tákni í trú forn Mexíkó, blóðið sem rann í æðum okkar var komið frá guðunum og var grundvöllur í hinni sífelldu endurnýjun sköpunaraflanna, þar sem blóðið var hið heilaga fæði. Mendieta lýsti aðdáun sinni á blóðinu með þessum orðum: „Ég byrjaði strax að nota blóð, ég held að það sé vegna þess að mér finnst það áhrifamikið og töfrandi, ég sé það ekki í neikvæðu ljósi.”⁶⁹

66 Frederick Peterson, bls. 147.

67 Olga M. Viso, bls. 77.

68 Frederick Peterson, bls. 127.

69 Patrick Dondelinger, bls. 92. - „I started immediately using blood, I guess because I think it's a very powerful magic thing. I don't see it as a negative force.”

Á fyrstu árunum vinnuferils Mendieta þegar hún færði sig frá málaralistinni yfir í gjörningaformið birtist blóð reglulega í gjörningum hennar, ljósmyndum og myndbandsverkum.⁷⁰ Blóð og fórnir hafa fylgt mannkyninu frá upphafi og það hefur verið táknrænt fyrir endurfæðingu, sköpunarkraft, vald og hið eilífa líf. Notkun Mendieta á blóði má rekja til uppruna hennar á Kúbu og hinna tveggja trúarsamfélaga sem þar eru, kaþólska kirkjan og santería trúin. En ekki bara þar heldur hefur hún kynnst því aftur þegar hún var að vinna við fornleifauppgröft í Mexíkó þar sem mannfórnir og notkun blóðs við trúariðkun var alþekkt í menningu forn Mexíkó. Blóð spilar mikilvægt hlutverk hjá þessum trúarhópunum, í kaþólsku trúnni sem blóð Krists, í santería trúnni í formi dýrafórna⁷¹ og í forn Mexíkó sem mennskar blóðfórnir. Blóð er einnig mjög nærtækt konum þar sem þær hafa blæðingar í hverjum mánuði eftir að þær verða kynþroska þangað til þær fara á breytingarskeiðið. Það er varla hjá blóði komist við fæðingu, sem er mjög átakamikill, erfiður og fallegur viðburður í lífi kvenna. Blóðið tengist bæði bakgrunni Mendieta í menningunni, trúnni og einnig því að vera kona.

Í verkinu *Untitled (Fólk horfir á blóð, Moffitt)* 1973, situr Mendieta í bílnum sínum óséð og tekur upp viðbrögð vegfarenda við dýrablóði sem hún hafði látið leka á gangstéttina, það lýtur út fyrir að blóðið leki undan útidyrarhurð sem snýr að gangstéttinni. Flestir vegfarendur gengu framhjá án þess að stoppa eða virða blóðið viðlits. En það voru nokkrir sem veittu því eftirtekt, gömul kona stoppaði og potaði í blóðið með regnhlífinni sinni og ungt par stansaði stutt við og virti blóðið fyrir sér áður en það hélt sína leið.⁷² Það var eins og hún væri að kanna hvaða viðbrögð þessi vökvi sem hafði áður svo máttug áhrif kallaði fram í nútíma samfélagi.

Þegar Mendieta var enn í skólanum þá gerði hún verkið *Untitled (Dauði hæsnis)* 1972. En þar var hæsnis tekið, höggvið með exi í bringu þess og síðan var fuglinn færður Mendieta sem stóð nakin og lét blóðið frá hæsninu sprautast

70 Chrissie Iles, bls. 208.

71 Sama.

72 Sama.

yfir sig.⁷³ Þó þetta virðist vera villimannsleg framkoma þá var þetta víst ekki jafn óhuggulegt fyrir áhorfendur hennar, þar sem í Iowa var það hluti af daglegum heimilisstörfum að hálshöggva hænur í matinn.⁷⁴ Í verkinu sjáum við hvernig Mendieta hefur skipt sjálfri sér út fyrir *otas* sem eru helgir steinar í santería trúnni sem notaðir voru í fórnarathöfnum. Þarna sameinast listin, samtíminn og fortíð hennar.⁷⁵ Anne Creissels segir að í verkinu *Dauði hænsnisins* myndgeri Mendieta sig bæði sem karlmann og kvenmann, móttakanda og þiggjanda, rándýr og fórnarlamb. Creissels bendir einnig á hvernig Freud hafði nefnt að þegar stúlkur missi meydóminn líti þær á það sem nauðgun sem geti leitt til hefndartilfinningar. Tenging þess að vera gerður að fórnarlambi og löngun í völd, tenging milli fórnar og ummyndunar.⁷⁶ En þetta verk er magnþrungið og ofbeldisfullt, rétt eins og mannfórnir Azteka þar sem prestarnir voru ekki hræddir við að vera útataðir blóði, hinni guðlegu fæðu eða klæðast húð annarra manna í þeim tilgangi að þóknast guðunum.

Í verkinu *Untitled (Blóð skrift #1)* stendur Mendieta á móti vegg og leggur hægri höndina að veggnum yfir höfði sér eins hátt og hún nær og dregur hana í hálfboga niður að gólfinu, eftir að hafa dýft henni í blóð, og endurtekur sama leik á vinstri hlið. Síðan stígur hún til baka og ritar með blóðugum fingrunum *Það er djöfull innan í mér*. Þar sem orðið *mér* er skrifað með meiri áherslu og er dekkra en hin orðin.⁷⁷ Öll myndbönd sem Mendieta tekur upp þegar hún er að framkvæma gjörninga sína eða silúeta verk eru hljóðlaus.⁷⁸ Chrissie Iles bendir á að hljóðlausu myndböndin minni á hljóðlausu skriftarjátningningu sem kallast á við þegar konur voru ásakaðar og dæmdar fyrir að vera nornir á miðöldum af kaþólsku kirkjunni og það að skrifa nafn djöfulsins með blóði kallast á við tengingu kaþólsku kirkjunnar við blóð þar sem það táknar lífskraft Krists.⁷⁹

73 Julia P Herzberg, bls. 152.

74 Sama.

75 Sama.

76 Anne Creissels, bls. 180.

77 Chrissie Iles, bls. 209.

78 Sama.

79 Sama.

Untitled (Blóð og fjaðrir #2) 1974, er myndband sem sýnir Mendieta framkvæma þann gjörning að hella yfir sig dýrablóði og velta sér upp úr fjöðrum, standa svo upp með hendurnar útréttar eins og vænghaf á fugli.⁸⁰ Þarna er Mendieta að benda á að við erum hluti af náttúrunni, eins og öll hin dýrin og velur að birta fuglinn þarna. Dýrin og mannfólkið er hluti af hinu kosmíska ferli náttúrunnar, þar sem lífið og dauðinn er sjálfsagur. Maðurinn er ekki æðri dýrunum í því ferli heldur erum við öll tengd í gegnum það. En það er einnig möguleiki að hún sé að vitna í Moan fuglinn, sem var trúarleg vera sem Mexíkanar trúðu á, en líkami hans var einkennilega mannlegur með vængjum, samblanda af fugli og manni. Það kemur ekki á óvart þar sem flestir guðir hálandis Mexíkó áttu sér samsvörun í dýrum eða fuglum. Ekki voru gerð greinileg skil milli hins yfirnáttúrulega og náttúrulega vegna þess að mennirnir, guðirnir og náttúran tilheyrðu þessu kosmíska hringferli náttúrunar.

Í *Untitled (Sjálfsmynd með blóði)* 1973, tekur Mendieta fjölda sjálfsmynda þar sem andlit hennar er þakið blóði, mismikið á hverri mynd.⁸¹ Þar sem hárið á henni og fötin eru einnig ötuð blóði, það rennur niður eftir andlitinu á henni og hálsi. Hún er að rannsaka hvernig andlit sem þakið er lekandi blóði afmyndast. Það er eins og hún sé að sýna hvernig andlit kvenna líti út eftir barsmíðar. En það er ekki það eina sem hún er að vísa í heldur einnig þess ofbeldis sem konur hafa þurft að þola og þá niðurlægingu sem fylgir því að vera barin. Þetta eru einstaklega átakanlegar myndir og benda á alvarlegt vandamál sem konur hafa þurft að glíma við sem er heimilisofbeldi, tilefnislaust ofbeldi sem hefur bitnað á konum og sýnt er svo glöggt í þessari átakanlegu myndaspýrpu.

Það kemur ekki á óvart að Mendieta velji blóð sem miðil í listaverkum sínum þar sem hún kynntist því í Mexíkó sem kraftmiklum miðli og fæðu guðanna. Þessi kraftmikli vökví sem rennur um æðar okkar, sem var talinn gæddur töframætti á dögum forn Mexíkó. Ofbeldisfullar og blóðugar trúarathafnir áttu einnig eftir að hafa áhrif á hana en þar sem hún tekst á við ofbeldisverkin þá er hún óhrædd að ganga eins langt og þarf til að gera

⁸⁰ Sama rit, bls. 214-215.

⁸¹ Patrick Dondelinger, bls. 54-56.

áhorfandanum grein fyrir alvarleika verksins, rétt eins og prestar forn Mexíkó voru tilbúnir að ganga eins langt og þeir þurftu til að uppfylla kröfur guða sinna, gera þá ánægða. Öfgarnir kalla á athygli, blóð vekur athygli, ofbeldi vekur athygli, það er þessi sérkennilega blanda við list sem vekur einstaka athygli á verkum Ana Mendieta.

Ofbeldisverkin

Mannafórnir sem viðgengust í forn Mexíkó virðast okkur villimannslegar og tilgangslausar í dag. En fyrir þeim voru þær lífsnauðsynlegar til að viðhalda hringrás lífsins. Octavio Paz fjallar um að nútíma glæpamenn séu ekki einungis arfleifð tækniframfara nútímans heldur einnig þeirrar fyrirlitningar á lífinu sem er staðfastlega fólgin í allri vísvitandi uppvakningu dauðans.⁸² Þar með er búið að raska hringferlinu vegna þess að siðmenning sem hafnar dauðanum endar með að hafna lífinu.⁸³ Octavio Paz lýsir hinum dæmigerða glæpamanni nútímans með þessum orðum:

„Hinn dæmigerði glæpamaður stórborganna – burtséð frá hinum raunverulegu hvötum sem búa að baki glæpum hans- kemur því í framkvæmd í litlu mæli sem nútímaleiðtogar framkvæma í stórum stíl. Einnig hann gerir sínar tilraunir: hann eittrar, tærir lík með sýru, brennir leifarnar til ösku, breytir fórnalambi sínu í dauðan hlut. Hið forna samband fórnarlamb og fórnanda, sem er það eina sem gerir glæpi mannlega og mögulega er horfið.”⁸⁴

Virðingin sem bjó í fornmenningu Mexíkó er algerlega horfin í þessum athöfnum glæpamanna nútímans sem svívirða fórnalömb sín að ástæðulausu. Þegar horft er til verka Mendieta sem taka á ofbeldi, þá er verið að undirstrika að óparfa ofbeldi og morð er ófyrirgefanlegt og tilgangslaust. Blóðið undirstrikar það að lífið er mikilvægt og einstakt, blóði á ekki að úthella að tilefnislausu. Verkin setur hún upp á hryllilegan og villimannslegan hátt til að undirstrika ofbeldið og vanvirðinguna sem hefur farið fram, ekki bara

82 Octavio Paz, bls. 36.

83 Sama.

84 Sama rit, bls. 37.

vanvirðingu við einstaklinginn sem var ráðist á heldur lífið. Þó að lífið væri ekki merkilegra en dauðinn þýddi ekki að það mætti kasta því á glæ. Octavio Paz leggur áherslu á það með þessum orðum: „Þökk sé glæpum gerum við okkur grein fyrir mikilvægi augnabliksins.”⁸⁵

Árið 1973 byrjaði Mendieta að takast á við margra ára verk sem snéri að ofbeldi og morðum á konum. Kveikja þeirra var nauðgun og morðmál í Iowa. Í mars það ár var framið grimmdarlegt morð á hjúkrunarnemanum, Sara Ann Otten, af karlkyns samnemanda hennar í skólanum. Til að tjá reiði sína á þessu hrottafengna og mjög svo umtalaða nauðgunarmáli og morði bjó Mendieta til nokkur dramatískt verk sem voru hlaðin þjóðfélagsgagnrýni og leikrænum krafti.⁸⁶ Fyrst af þessum verkum var *Untitled (Rape Scene)* árið 1973, sem var kynnt fyrir samnemendum hennar í fjöltækni.⁸⁷ Þeim var sagt að koma heim til hennar til að sjá verkið. Þegar þau gengu inn um dyrnar á íbúðinni, sem hún hafði skilið eftir opnar í hálfu gátt, fundu þau Mendieta hálfnakta frá mitti og niður úr og efri hluti líkama hennar lá hreyfingarlaus og bundinn yfir borðið. Líkami hennar var blóðugur, brotnir diskar voru á víð og dreif á gólfinu, herðatré var staðsett nálægt borðinu í miðju herberginu, sígarettustubbar voru í öskubakkanum og það var blóð í klósettskálinni. Þegar hún skapaði þessi smáatriði í herberginu var hún að endurskapa þá mynd sem hafði birst í fjölmiðlum af nauðgunarvettvanginum. Hún var að sýna hrottalegt ofbeldi nauðgunarinnar og miðla þessari hryllilega auðmýkjandi árás á líkama koununnar og sál.

Hin ofbeldisverkin sem Mendieta gerði voru staðsett utandyra á óvæntum stöðum. Þar með var eitt *Untitled (Rape Scene)* 1973, staðsett í húsasundi við hliðina á byggingunni sem hún bjó í og var virkilega truflandi. Verkið samanstóð af blóði, beinum og snjáðum gallabuxum.⁸⁸ Þar sem blóðug beinin táknuðu limlestingu og gallabuxunar voru blóðugt sönnunargagn sem hefur verið hent og þetta tvennt minnir á hræðilegt kynlífsafbrot og morð sem hefur verið framið. Útiverkin hennar eða húsasundsverkin voru aldrei tilkynnt

85 Sama.

86 Julia P Herzberg, bls. 155.

87 Sama rit, bls. 152. - „Intermedia”

88 Sama rit, bls. 155.

fyrirfram þó að hún planaði þau, framkvæmdi og tók upp. Þau voru uppgötvuð af óviðbúnum vegfarendum, ef þau voru uppgötvuð á annað borð þar sem ekki er vitað hvort nokkur maður hafi séð þau í raun.⁸⁹ Í þessum verkum má sjá þann lærdóm sem Mendieta dró af störfum sínum við fornleifauppgröft, hún lærði að lesa söguna út frá menjum og munum sem fundust í uppgreftri, lag fyrir lag. Þessar aðferðir tileinkaði hún sér við framsetningu og notaði sérstaklega í ofbeldisverkunum. Þar kemur fram kröftug túlkun í mörgum lögum, sem skilja eftir sig vísbendingar um liðinn atburð. Hlutirnir sem sjást á verkunum gefa áhorfandanum túlkunarmöguleika út frá þeim brotum af upplýsingum sem hann fær.

Verkin voru ekki öll sett upp inni í borginni heldur einnig út í náttúrunni eins og verkið *Untitled (Nauðgunar gjörningur)* 1973, var verk sem Mendieta framkvæmdi í Iowa þar sem hún notar sinn eigin líkama til að endurskapa ofbeldisfullan nauðgunarvettvang úti í náttúrunni. Hún liggur hálfnakinn yfir trédrumb þar sem efri hluti líkama hennar er ekki sjáanlegur, við sjáum neðri hluta líkama hennar þar sem sköp hennar eru beruð og hún lætur líta út fyrir að blóð leki úr þeim og niður bera leggi hennar. Hreyfingarleysi hennar í myndinni bendir til að hún sé lömuð eða látin eftir verknaðinn. Ofbeldið skín í gegn í þessu verki. Það endurspeglar og sýnir áhuga hennar á að tengja náttúruna við verkin og einnig hversu óhrædd hún er að nota sinn eigin líkama.⁹⁰ Hún er að neyða áhorfandan til að horfa á vettvanginn.

Blóðið er sterkur miðill, kraftur þess svo augljós þegar verk Mendieta eru upplifuð þar sem hún er að benda á ofbeldið gegn kvenlíkamanum. Það fyllir áhorfandann óhug og ógleði. Í dag er blóð ekki sjáanlegt nema þegar óhapp eða ódæðisverk hefur átt sér stað. Blóðið býr innra með okkur, flæðir um æðar okkar, flytur súrefni um líkamann til þess að hann virki og það viðheldur lífi okkar. En þegar við sjáum það fyrir utan líkamann upplifum við það sem ógnun og óhugnað. Ef við sjáum blóð þá ályktum við hiklaust að eitthvað slæmt hafi átt sér stað.

89 Sama.

90 Guy Brett, „One Energy.“: *Ana Mendieta, Earth Body, sculpture and performance 1972-1985*, ritstj. Olga M. Viso, (Whashington: Hirshhorn Museum and Sculpture Garden, Smithsonian Institution, 2004), bls. 181-204, bls. 184.

Niðurstaða

Ana Mendieta var aðeins 36 ára þegar hún lést eftir fall úr íbúð sinni í New York af 34. hæð. Hvort dauði hennar hafi verið sjálfvalinn eða ekki mun ævinlega vera spurning sem ekki fæst svar við. Eiginmaður hennar, til átta mánaða, Carl Andre var hreinsaður af öllum ákærum fyrir rétti en hann var einn með henni í íbúðinni þegar hún fórst. Listferill Mendieta var ótrúlega viðburðaríkur og þrátt fyrir ungan aldur vann hún alltaf skipulega og skráði jafnóðum framvindu listaverka sinna sem gerir það að verkum að við getum notið listsköpunar hennar enn í dag.

Tilfinningaskalinn í verkum Mendieta er breiður, allt frá friðsælum verkum úti í náttúrunni til ofbeldisfullra blóðugra nauðgunarverka. Jörðin er sem móðir sem veitir innblástur, huggun og skjól, en getur einnig snúist í andhverfu sína og gert okkar lífið leitt. Samband Mendieta við náttúruna og jörðina var náíð og tilfinningaþrungið.

Mendieta vinnur flest verk sín ein, eins og hún vilji ekki að viðhorf eða skoðanir annarra blandist hennar eigin viðhorfum og skoðunum sem búa í verkum hennar. Hún upplifði einsemd og einangrun þegar hún flutti til Bandaríkjana frá Kúbu, þar sem henni fannst hún ekki passa inn í samfélagið. Þegar hún kom til Mexíkó fann hún sitt annað heimaland, fólk þar var svipað henni í útliti og þankgangi. Það var allt í lagi að vera bölsýnn, sjá veruleikann ekki jákvæðu ljósi eins og í Bandaríkjunum, það var einkenni Mexíkanans að vera einrænn, einmana og líta hversdagsleikan alvarlegum augum.

Silúeta verk Mendieta takast á við hina eilífu hringrás sem maðurinn er hluti af, við fæðumst og deyjum. Í þeim býr bæði lífsdýrkun og dauðadýrkun. En fyrir Mexíkananum þá er það ekki endirinn heldur lok þessarar raunamæddu jarðvistar sem við höfum þurft að ganga í gegnum áður en við komumst inn í framhaldslífið, hvort sem það er til himnaríkis eða undirheima. Þegar við deyjum sameinumst við móður jörð og líkami okkar verður uppspretta fyrir nýtt líf. Hvort sem það eru guðirnir sem mynda aðra manneskju úr beinum okkar í bland við blóð sitt eða við verðum hluti af móður náttúru, þar sem líkami okkar verður næring fyrir aðrar lífverur svo sem plöntur. En Mendieta tekst á við

hvernig líkami okkar og fótspor á jörðinni máist út með tímanum og ef við höfum ekkert skrásett eða skiljum ekkert eftir okkur þá erum við að eilífu glötuð og gleymd í þessum heimi. Ætli það hafi verið kveikja þess að hún byrjaði að taka upp öll verk sín, skrásetja þau og geyma. Rústinar sem hún var að vinna við í Mexíkó gerðu henni grein fyrir að ef venjulegur einstaklingur sér ekki sjálfur um að skrásetja verk sín þá gerir það enginn, sagan sem er skráð er saga mikilmenna.

Verk Mendieta eru ljóðræn og sýna þá einstöku virðingu sem hún bar fyrir náttúrunni. Þau mörkuðu nánast aldrei varanleg spor eða höfðu eyðandi áhrif á jörðina. Þau eru kraftmikil og sorgleg, þau hverfa og það er ekkert sem hægt er að gera til að sporna við því, þarna blasir raunveruleikinn blákaldur við okkur. Lífið á sér upphaf og endi, það er það eina sem við vitum með vissu.

Þegar hugleiðingar Mendieta á dauðanum og eftirlífinu eru skoðaðar út frá menningu og trú forn Mexíkana eru áhrifin greinileg. Hún var ekki hrædd við að takast á við voðaleg viðfangsefni á kraftmikinn hátt til að sýna fram á ofbeldi og grimman veruleika. Það er eins og áhrif forn Mexíkó myndbirtist helst í trúar-, blóð- og ofbeldisverkum hennar. Blóð var einstaklega kraftmikið afl í trú forn Mexíkó, þar sem það var fæða guðanna ásamt því að blóðfórinn var lausn á stærri hversdagsvandamálum þeirra svo sem þurrki, sem myndi valda uppskerubresti og síðan í kjölfar þess hungursneyð, eða bón um lækningu á hræðilegum sjúkdómum. Blóð bar í sér lífskraft og kom frá guðunum. Fyrir Mendieta var blóðið sérstakur miðill sem hún leit á sem kraftmikinn, töfrandi og einstaklega áhrifamikinn þátt í list sinni. Það er eins og hún leitist við að hrista upp í fólki og benda því á raunamæddan veruleikann í sinni sárustu mynd. Heimurinn er ekki bara fallegur og byggður á regnbogum, heldur er hann líka fullur af sorg, ofbeldi og erfiði. Það er eins og Mendieta springi í ofbeldisverkum sínum líkt og Mexíkani á hátíðum, tilfinningar hennar eru hráar og liggja beint fyrir framan áhorfandann. Öll hennar verk eru úthugsuð og vel skipulögð áður en hún hefst handa við að framkvæma og skrásetja þau. En það sem grípur er hversu hrátt hún nær að setja þau fram og dregur með því áhorfandann aftur inn í hinn raunamædda veruleika.

Heimildaskrá

- Butler, Cornelia, *WACK! Art and the feminist revolution*, ritstj. Lisa Gabrielle Mark, (Los Angeles: Museum of Contemporary Art, Cambridge, Mass: MIT Press, 2007)
- Brett, Guy, „One Energy”: í *Ana Mendieta, Earth Body, sculpture and performance 1972-1985*, ritstj. Olga M. Viso, (Washington: Hirshhorn Museum and Sculpture Garden, Smithsonian Institution, 2004), bls 181-204
- Creissels, Anne, „From Leda to Daphne, Sacrifice and Virginity in the Work of Ana Mendieta”, í *The Sacred and the Feminine; Imagination and Sexual Difference*, ritstj. Pollock, G. og Sauron, V.T., (London: L.B Tauris&Co Ltd., 2007), bls 178-188
- Dondelinger, Patrick, „Ana Maria Mendieta, The Body, Art and Religion”: í *Ana Mendieta, Body Tracks*, ritstj. Peter Fischer, (Luzern: Kunstmuseum Luzern, 2002), bls. 87-100
- Herzberg, Julia P., „Ana Mendieta’s Iowa Years, 1970-1980”: í *Ana Mendieta, Earth Body, sculpture and performance 1972-1985*, ritstj. Olga M. Viso (Washington: Hirshhorn Museum and Sculpture Garden, Smithsonian Institution, 2004), bls. 137-180
- Iles, Chrissie, „Subtle Bodies: The Invisible Films of Ana Mendieta”: í *Ana Mendieta, Earth Body, sculpture and performance 1972-1985*, ritstj. Olga M. Viso, (Washington: Hirshhorn Museum and Sculpture Garden, Smithsonian Institution, 2004), bls. 205-223
- Paz, Octavio, *Völundarhús einsemdarinnar; líf og hugsun í Mexíkó*, íslensk þýðing Ólafur J. Engilbertsson, (Reykjavík: Bjartur, 1993)
- Peterson, Frederick, (1962), *Ancient Mexico; An Introduction to the Pre-Hispanic Cultures*. (New York: Capricorn Books, 1962)
- Roulet, Laura, „Ana Mendieta, Entre Dos Mundos/Zwischen zwei Welten”: í *Ana Mendieta, Body Tracks*, ritstj. Peter Fischer, (Luzern: Kunstmuseum Luzern, 2002), bls. 35-45
- Viso, Olga M., *Ana Mendieta, Earth Body, sculpture and performance 1972-1985*, (Washington: Hirshhorn Museum and Sculpture Garden, Smithsonian Institution, 2004)

Viðauki

Listi yfir þau verk Ana Mendieta sem fjallað er um í ritgerðinni

Á listanum koma fram nöfnin á verkunum og ártal þeirra sem notuð eru í ritgerðinni og svo hvar er hægt að finna mynd af þeim í bókum.

- *Imagen de Yagul (Mynd frá Yagul)*, 1973
Olga M. Viso, *Ana Mendieta, Earth Body, sculpture and performance 1972-1985*. (Washington: Hirshhorn Museum and Sculpture Garden, Smithsonian Institution, 2004), bls 53.
- *Untitled (Lífsins tré)*, 1979
Olga M. Viso, *Ana Mendieta, Earth Body, sculpture and performance 1972-1985*. (Washington: Hirshhorn Museum and Sculpture Garden, Smithsonian Institution, 2004), bls 52.
- *Untitled (Silueta Series, La Ventosa)*, Júlí 1976/2001
Olga M. Viso, *Ana Mendieta, Earth Body, sculpture and performance 1972-1985*. (Washington: Hirshhorn Museum and Sculpture Garden, Smithsonian Institution, 2004), bls 34 og Peter Fischer, *Ana Mendieta, Body Tracks*, (Luzern: Kunstmuseum Luzern, 2002), bls 104-107.
- *Hojas rojas silhouette quemada alrededor*, 1977
Peter Fischer, *Ana Mendieta, Body Tracks*, (Luzern: Kunstmuseum Luzern, 2002), bls 103.
- *Isla (Eyja) Old Man's Creek*, 1981
Olga M. Viso, *Ana Mendieta, Earth Body, sculpture and performance 1972-1985*. (Washington: Hirshhorn Museum and Sculpture Garden, Smithsonian Institution, 2004), bls 77.
- *On giving Life (Lífsgjöf)*, 1974-5/1995
Peter Fischer, *Ana Mendieta, Body Tracks*, (Luzern: Kunstmuseum Luzern, 2002), bls 80-81.
- *Untitled (Fólk horfir á blóð, Moffitt)*, 1973
Olga M. Viso, *Ana Mendieta, Earth Body, sculpture and performance*

- 1972-1985. (Washington: Hirshhorn Museum and Sculpture Garden, Smithsonian Institution, 2004), bls 208.
- *Untitled (Dauði hæsnis)*, 1972
Olga M. Viso, *Ana Mendieta, Earth Body, sculpture and performance 1972-1985*. (Washington: Hirshhorn Museum and Sculpture Garden, Smithsonian Institution, 2004), bls 153 og Peter Fischer, *Ana Mendieta, Body Tracks*, (Luzern: Kunstmuseum Luzern, 2002), bls 46-49.
 - *Untitled (Blóð skrift #1)*, 1974
Olga M. Viso, *Ana Mendieta, Earth Body, sculpture and performance 1972-1985*. (Washington: Hirshhorn Museum and Sculpture Garden, Smithsonian Institution, 2004), bls 209.
 - *Untitled (Sjálfsmynd með blóði)*, 1973/1997
Peter Fischer, *Ana Mendieta, Body Tracks*, (Luzern: Kunstmuseum Luzern, 2002), bls 54-56.
 - *Untitled (Rape Scene)*, 1973
Olga M. Viso, *Ana Mendieta, Earth Body, sculpture and performance 1972-1985*. (Washington: Hirshhorn Museum and Sculpture Garden, Smithsonian Institution, 2004), bls 154.
 - *Untitled (Rape Scene)*, í húsasundi, 1973
Olga M. Viso, *Ana Mendieta, Earth Body, sculpture and performance 1972-1985*. (Washington: Hirshhorn Museum and Sculpture Garden, Smithsonian Institution, 2004), bls 157.
 - *Untitled (Nauðgunar gjörningur)*, 1973.
Olga M. Viso, *Ana Mendieta, Earth Body, sculpture and performance 1972-1985*. (Washington: Hirshhorn Museum and Sculpture Garden, Smithsonian Institution, 2004), bls 184.
 - *Untitled (Blóð og fjaðrir #2)*, 1974
Olga M. Viso, *Ana Mendieta, Earth Body, sculpture and performance 1972-1985*. (Washington: Hirshhorn Museum and Sculpture Garden, Smithsonian Institution, 2004), bls 214-215.

